

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 17. febrúar 1999

um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir skófatnað(*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 340)

(1999/179/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

„Allur fatnaður sem er hannaður í því skyni að vernda eða hylja fótinn og er með föstum sóla sem snertir jörðu.“

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

2. gr.

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr.,

Meta skal umhverfisáhrif og notagildi vöruflöksins með hliðsjón af þeim sérstöku vistfræði- og notagildisviðmiðunum sem eru settar fram í viðaukanum.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

3. gr.

Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að ákveða beri skilyrði fyrir veitingu umhverfismerkis bandalagsins fyrir hvern vöruflokk um sig.

Skilgreiningin á vöruflokknum og hinar sérstöku vistfræðilegu viðmiðanir fyrir hann skulu gilda til þriggja ára frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að viðmiðanirnar eru samþykktar.

Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að meta beri áhrif vöru á umhverfið með hliðsjón af tilteknum viðmiðunum fyrir vöruflokk.

4. gr.

Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við helstu hagsmunaaðila á sérstökum samráðsfundum.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „017“ notað fyrir vöruflokkinn.

5. gr.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar sem var sett á laggirnar á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

Gjört í Brussel 17. febrúar 1999.

1. gr.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vöruflokkurinn „skófatnaður“ (sem hér á eftir kallast „vöruflokkurinn“) er skilgreindur þannig:

Ritt BJERREGAARD

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 57, 5.3.1999, bls. 31, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(¹) Stjtið. EB L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.

VIÐAUKI

Til að geta fengið umhverfismerki verður vara, eins og hún er skilgreind í 1. gr., að vera í samræmi við viðmiðanirnar í þessum viðauka og prófanir skulu gerðar eins og segir fyrir um í viðmiðuninum. Heimilt er að nota aðrar prófunaraðferðir, þar sem við á, ef þar til bæra stofnunin, sem metur umsóknina, fellst á að þær séu jafngildar hinum. Þar sem engar prófanir eru tilgreindar, eða þar sem tilgreint er að þær séu notaðar til sannprófunar eða eftirlits, ber þar til bærum stofnunum að byggja á yfirlýsingum og gögnum, sem umsækjandi lætur í té, og/eða óháðum sannprófunum eftir því sem við á.

Mælt er með því að til þess bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að farið sé eftir viðmiðunum í þessum viðauka, þegar viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, svo sem EMAS eða ISO 14001, er beitt.

Markmiðið með viðmiðuninum er einkum að draga úr styrk eittraðra efnaleifa og losun rokkgjamma lífrænna efnasambanda og að stuðla að því að endingarbetri vara verði framleidd.

Viðmiðunareiningin er eitt skópar. Kröfur eru miðaðar við skóstærð 40 (Paris point). Hvað barnaskó varðar gilda kröfurnar fyrir skóstærð 32 (Paris point) (eða stærsta númer ef hámarksstærð er minni en 32 (Paris point)).

VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR

1. Efnaleifar í fullunninni vöru

- a) Meðalstyrkur efnaleifa í fullunninni vöru skal ekki fara yfir eftirfarandi gildi:

— króm (VI):	10 milljónarhlutar (ppm),
— arsen:	10 milljónarhlutar,
— kadmíum:	10 milljónarhlutar,
— blý:	10 milljónarhlutar.

Prófunaraðferð (prófunarskýrsla fylgi umsókninni)

- Cr (VI): staðall EN 420 (athugið að við greiningu á tilteknum lituðum leðurvörum geta komið upp vandkvæði vegna truflunar í mælingum),
- Cd, Pb, As: efnagreining með atómgleyprímælingu (AAS) að lokinni leysingu í sterkri sýru.

Undirbúningur sýnis:

- 1) Skilja skal efnispætti í yfirleðri frá efnispáttum í sóla,
- 2) finmala skal efnispætti bæði í yfirleðri og sóla og halda þeim aðskildum,
- 3) efnagreina skal sýni úr hvorri þessara tveggja efnablandna,
- 4) styrkur ofangreindra efna í þessum tveimur sýnum má ekki fara yfir ofangreind gildi.

- b) Styrkur formaldehyðs, bæði þess sem er óbundið og þess sem er að hluta vatnsrjúfanlegt, skal ekki vera meiri en 75 milljónarhlutar í textílþáttum skófatnaðarins og ekki meiri en 150 milljónarhlutar í efnispáttum leðursins.

Prófunaraðferð (prófunarskýrsla fylgi umsókninni)

- textílar: Japönsk lög nr. 112, SFS 4996 eða PrEn/ISO-staðall 14184-1
- leður: IUC 94.50001a eða DIN 53315

2. Losun sem verður við hráfnisframleiðsluna

Skylt er að hreinsa skolpið frá sítunarverksmiðjum, annaðhvort í skolphreinsistöð í verksmiðjunni sjálfri eða í stöð á vegum viðkomandi sveitarfélags, þannig að efnafræðileg súrefnisþörf (COD) minnki að minnsta kosti um 75%.

Prófunaraðferð (prófunarskýrsla og viðeigandi og fullnægjandi upplýsingar fylgi umsókninni)

Efnafræðileg súrefnisþörf (COD): ISO 6060 Gæði vatns, ákvörðun á efnafræðilegri súrefnisþörf

3. Notkun skaðlegra efna (þar til sala til notenda fer fram)

- a) Óheimilt er að nota pentaklórfenól (PCP), sölt þess og estra.

Prófunaraðferð (til sannprófunar)

- textílar: gasgreining (GC) með rafeindahremmingu (ECD), viðmiðunargildi 0,05 milljónarhlutar (ppm)
- leður: greiningar skulu gerðar samkvæmt staðli DIN 53313 með
 - a) massagreiningu (MS) eða
 - b) rafeindahremmingu (ECD); viðmiðunargildi 5 milljónarhlutar

- b) Óheimilt er að nota asóliti sem geta klofnað í einhver af eftirtöldum arómatískum amínum:

4-aminódífenýl	(92-67-1)
bensídín	(92-87-5)
4-klór-o-tólúídín	(95-69-2)
2-naftýlamín	(91-59-8)
o-aminó-asótólúen	(97-56-3)
2-aminó-4-nítrótólúen	(99-55-8)
p-klóranylín	(106-47-8)
2,4-díamínóanisól	(615-05-4)
4,4'-díamínódífenýlmetan	(101-77-9)
3,3'-díklórbensídín	(91-94-14)
3,3'-dímetoxýbensídín	(119-90-4)
3,3'-dímetýlbensídín	(119-93-7)
3,3'-dímetýl-4,4'-díamínódífenýlmetan	(838-88-0)
p-kresídín	(120-71-8)
4,4'-metýlen-bis-(2-klóranylín)	(101-14-4)
4,4'-oxýdianilín	(101-80-4)
4,4'-þíódianilín	(139-65-1)
o-tólúídín	(95-53-4)
2,4-díamínótólúen	(95-80-7)
2,4,5-trímetýlanilín	(137-17-7)
4-aminóasóbensen	(60-09-3)
o-anísídín	(90-04-0)

Prófunaraðferð (til sannprófunar)

- textílar: Þýska aðferðin B-82.02 eða önnur jafngild henni, viðmiðunargildi 30 milljónarhlutar. (Athugasemd: falskar jákvæðar niðurstöður eru hugsanlegar hvað varðar 4-aminóasóbensen og því er mælt með því að niðurstaðan verði staðfest),
- leður: staðall DIN 53316, viðmiðunargildi 30 milljónarhlutar. (Athugasemd: falskar jákvæðar niðurstöður eru hugsanlegar hvað varðar 4-aminóasóbensen, 4-aminódífenýl og 2-naftýlamín og því er mælt með því að niðurstaðan verði staðfest).

4. Notkun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) við endanlega samsetningu skófatnaðar

Heildarnotkun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda við lokaframleiðslu skófatnaðar má, fyrir eftirtalda flokka, að meðaltali ekki vera meiri en:

— íþróttaskór, barnaskór, öryggisskór, götuskór karla, kuldaskór:	30 g/par
— létir hversdagsskór, götuskór kvenna:	25 g/par
— tískuskór, ungbarnaskór, inniskór:	20 g/par

Rokkgjörn lífræn efnasambönd eru skilgreind sem hvert það lífrænt efnasamband sem, við 293,15 K, hefur gufuþrýsting sem er 0,01 kPa eða meiri eða er rokkgjarn í svipuðum mæli við þær notkunaraðstæður sem um ræðir.

Reikna skal heildarnotkun rokgjarnra lífrænna efnasambanda á lokastigi skóframleiðslunnar sem hér segir:

$$M_{(\text{VOCheld})} = \Sigma (M_{(\text{lim})} \times C_{(\text{VOCa})}) + \Sigma (A_{(\text{áferðarefni})} \times M_{(\text{áferðarefni})} \times C_{(\text{VOCl})})$$

þar sem:

$M_{(\text{VOCheld})}$ = heildarnotkun rokgjarnra lífrænna efnasambanda við framleiðslu hvers skópars (g),

$(M_{(\text{lim})})$ = magn líms ⁽¹⁾ sem er notað á skópar (g),

$C_{(\text{VOCa})}$ = innihald rokgjarnra lífrænna efnasambanda í líminu sem er notað (stuðull: g rokgjarnra lífrænna efnasambanda fyrir hvert g líms),

$(A_{(\text{áferðarefni})})$ = sá flötur á skóparinu sem áferðarefnið ⁽²⁾ er notað á (m²),

$M_{(\text{áferðarefni})}$ = magn áferðarefnis sem er notað á hvern fermetra (g/m²),

$C_{(\text{VOCl})}$ = innihald rokgjarnra lífrænna efnasambanda í áferðarefninu sem er notað (stuðull: g rokgjarnra lífrænna efnasambanda fyrir hvert g áferðarefnis),

og:

⁽¹⁾ eingöngu þarf að taka tillit til líms sem inniheldur leysiefni. Vatnsþynnanlegt lím og bræðslulím (hot-melt adhesives) er undanþegið.

⁽²⁾ áferðarefni: grunnhúð, efsta húð og viðgerðarhúð, lög áferðarefnis á (yfir)leðri, yfirleður úr gerviefnum, fóður, baðmull o.s.frv. einungis þegar um leysiefni er að ræða.

Skylt er að halda skrá yfir aðkeypt leður, lím, áferðarefni og framleiðslu skófatnaðar síðustu sex mánaða að minnsta kosti.

5. Rafmagnsíhlutir

Skófatnaðurinn má hvorki innihalda rafmagns- né rafeinda hluti.

6. Innþökun fullunninnar vöru

- Þegar pappakassar eru notaðir sem lokaumbúðir um skófatnað skulu þeir hið minnsta vera að 80% úr endurunnu efni.
- Þegar plastpokar eru notaðir sem lokaumbúðir um skófatnað skulu þeir vera úr endurunnu efni.

NEYTENDAUPLÝSINGAR

7. Leiðbeiningar um meðferð

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á vörunni:

- Þessir skór hafa fengið meðferð sem eykur vatnsfráhrindandi eiginleika þeirra. Frekari meðferð er óþörf. (Þetta á aðeins við um skófatnað sem hefur verið meðhöndlaður í því skyni að hann hrindi betur frá sér vatni).
- Láttu gera við skóna, ef þess er kostur, fremur en að kasta þeim. Það skaðar náttúruna síður.

NOTAGILDISVIÐMIÐANIR

8. Færibreytur sem stuðla að aukinni endingu

Vinnu- og öryggisskór verða að bera CE-merkið (í samræmi við reglugerð ráðsins 89/686/EBE ⁽¹⁾ um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar). Allur annar skófatnaður verður að uppfylla þær kröfur sem eru tilgreindar í töflunni hér fyrir aftan (*prófunarskýrsla fylgi umsókninni*). Færibreyturnar, sem er vísað til, eru mældar samkvæmt eftirfarandi prófunaraðferðum:

— sveigjuþol yfirleðurs:	Skjal CEN/TC 309 N 113
— mótstaða yfirleðurs gegn því að rifna:	Skjal CEN/TC 309 N 115
— viðlöðunarhæfni yfirleðurs:	EN 1392
— sveigjuþol sóla:	prEN 12769
— slitstyrkur sóla:	prEN 12770
— viðlöðunarhæfni sóla:	EN 1392
— vatnsgleypni og vatnsafsog fódursóla:	prEN 12746
— vatnsfráhrinding yfirleðurs:	Skjal CEN/TC 309 N 121
— vatnsfráhrinding sóla:	prEN 13072.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 399, 30. 12. 1989, bls. 18.

Færibreytur sem stuðla að aukinni endingu

	Íþróttaskór	Barnaskór	Léttir hverdagsskór	Götuskór karla	Kuldaskór	Götuskór kvenna	Tískuskór	Ungbarnaskór	Innskór
Sveigjuþol yfirleðurs: (kc án sýnilegra skemmda)	Þurrir = 100 Rakir = 20	Þurrir = 100 Rakir = 20	Þurrir = 80 Rakir = 20	Þurrir = 80 Rakir = 20	Þurrir = 100 Rakir = 20 – 20 °C = 30	Þurrir = 50 Rakir = 10	Þurrir = 15	Þurrir = 15	Þurrir = 15
Mótstaða yfirleðurs gegn því að rifna: (Meðalkraftur við rifnun, N)									
— leður	≥ 80	≥ 60	≥ 60	≥ 60	≥ 60	≥ 40	≥ 30	≥ 30	≥ 30
— annað efni	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 30	≥ 30	≥ 30
Víðloðunarhæfni yfirleðurs: (N/mm)	≥ 4,0	≥ 4,0	≥ 3,0	≥ 3,5	≥ 4,0	≥ 3,0	≥ 2,5	≥ 3,0	≥ 2,5
Sveigjuþol sóla:									
Skurðstækkun (Cut growth) (mm)	≤ 4	≤ 4	≤ 5	≤ 6	≤ 6	≤ 8	≤ 12		≤ 12
Nsc = engar sjálfsprottinnar sprungur	nsc	nsc	nsc	nsc	nsc við – 10 °C	nsc	nsc		nsc
Slitstyrkur sóla:									
D ≥ 0,9 g/cm ³ (mm ³)	≤ 200	≤ 250	≤ 200	≤ 350	≤ 200	≤ 400	≤ 450	≤ 400	≤ 450
D < 0,9 g/cm ³ (mg)	≤ 150	≤ 170	≤ 150	≤ 200	≤ 150	≤ 250	≤ 300	≤ 250	≤ 300
Víðloðunarhæfni sóla: (N/mm)									
D ≥ 0,9 g/cm ³	≥ 4,0	≥ 4,0	≥ 3,5	≥ 3,5	≥ 3,5	≥ 3,0	≥ 2,5	≥ 3,0	≥ 2,5
D < 0,9 g/cm ³	≥ 3,0	≥ 3,0	≥ 3,0	≥ 3,0	≥ 3,0	≥ 3,0	≥ 2,5	≥ 3,0	≥ 2,5
Vatnsgleypni og vatnsafrög föðursóla: gleypni (mg/cm ²) afrög (%)	≥ 90 ≥ 60	≥ 90 ≥ 60	≥ 90 ≥ 60	≥ 90 ≥ 60	≥ 90 ≥ 60	≥ 90 ≥ 60	≥ 90 ≥ 60	≥ 90 ≥ 60	≥ 90 ≥ 60

Þessu til viðbótar skulu kuldaskór uppfylla eftirfarandi kröfur um vatnsfráhringingu:

- yfirleður: gegnþengingartími ≥ 240 mín., gleypni < 25 %,
- sóli: gegnþengingartími ≥ 60 mín. og vatnsgleypni að liðnum tveimur klukkustundum < 20 % (mjög vatnsfráhrindandi — gildir eingöngu um nokkur úttekin efni sem eru notuð í sóla).